

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á óverkuðum saltfiski og á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið

1. október til 31. desember 1977.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á óverkuðum saltfiski og á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1977:

Óverkaður saltfiskur:

Stórfiskur nr. 1	kr. 455
Millifiskur nr. 1	— 428
Smáfiskur 40/60 nr. 1	— 364
Smáfiskur 60/100 nr. 1	— 337

Verð þessi eru f. o. b. Verðbil verður 4%, er miðast við verðhækkun eingöngu.

Söltuð ufsaflök:

15/20 FF	kr. 448
15/20 AB	— 389
21/25 FF	— 435
21/25 AB	— 377
26/30 FF	— 423
26/30 AB	— 364
31/35 FF	— 410
31/35 AB	— 351
36/40 FF	— 397
36/40 AB	— 338

Verð þessi eru c. i. f. Verðbil verður 4%, er miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Sjávarútvegsráðuneytið, 8. nóvember 1977.

F. h. r.

Pórður Ásgeirsson.

Ingimar Einarsson.

REGLUGERÐ

um Verkfræðistofnun Háskóla Íslands.

1. gr.

Verkfræðistofnun Háskóla Íslands heyrir undir verkfræði- og raunvísindadeild samkvæmt 2. mgr. 9. gr. laga nr. 84/1970, um Háskóla Íslands.

2. gr.

Hlutverk Verkfræðistofnunar er:

- a) Að efla rannsóknir á sviði tækni- og verkvísinda.
- b) Að meta, samræma og fylgjast með framkvæmd rannsóknaverkefna háskóla-kennara í verkfræðigreinum.
- c) Að útvega aðstöðu fyrir rannsóknir og verklegar æfingar til þess að styrkja kennslu í verkfræðigreinum.
- d) Að stuðla að nánu samstarfi við rannsóknastofnanir utan Háskóla Íslands um rannsóknaverkefni og sem besta nýtingu rannsóknaaðstöðu og tækja.
- e) Að auka tengsl starfsmanna stofnunarinnar við atvinnulífið, m. a. með því að vera til ráðuneytis og vinna að lausn ýmissa þeirra vandamála, sem krefjast sérþekkingar og rannsóknaaðstöðu sem til eru innan stofnunarinnar.
- f) Að gangast fyrir fyrirlestrum, námskeiðum og ráðstefnum, sem geta stuðlað að aukinni tækniþekkingu í landinu.

3. gr.

Starfslið stofnunarinnar er:

- a) Fastráðnir kennarar við verkfræðiskor eftir því sem við á. Auk þess er heimilt að fastir kennarar í öðrum greinum starfi við stofnunina.
- b) Sérfræðingar, aðstoðarmenn og aðrir starfsmenn eftir því sem heimild er fyrir í fjárlögum.
- c) Gistiprófessorar, sérfræðingar, aðstoðarmenn og styrkþegar, sem hafa starfsaðstöðu við stofnunina eða eru ráðnir til takmarkaðs tíma.
- d) Námsmenn, sem stofnunin veitir starfsaðstöðu til rannsóknarverkefna.

4. gr.

Stjórn stofnunarinnar er skipuð fjórum mönnum, þrem kjörnum af deildar-ráði verkfræði- og raunvísindadeildar til tveggja ára í senn úr hópi fastra háskóla-kennara og sérfræðinga, sem taldir eru í 3. gr., lið a og b, að fengnum tillögum starfsliðs stofnunarinnar, og einum kjörnum af Félagi verkfræðinema.

Stjórnin kysir sér formann og er hann jafnframt forstöðumaður stofnunarinnar. Hann skal hafa umsjón með framkvæmd á ákvörðunum stjórnarinnar og hafa eftirlit með allri starfsemi stofnunarinnar.

Ráða skal framkvæmdastjóra þegar heimild er fyrir í fjárlögum.

Stjórn stofnunarinnar er að fengnu samþykki verkfræði- og raunvísindadeildar heimilt að skipta stofnuninni í rannsóknastofur.

Stjórnin fjallar um öll sameiginleg málefni stofnunarinnar, hefur umsjón með fjármálum hennar, semur rekstraráætlanir og tillögur um fjárveitingar. Falli atkvæði jöfn innan stjórnar ræður atkvæði formanns.

5. gr.

Stjórnarmenn fá greidda þóknun eftir gildandi reglum innan háskólans. Háskólinn sér starfsliði fyrir vinnuaðstöðu.

6. gr.

Rekstur Verkfræðistofnunar er kostaður af ríkisfé skv. því, sem veitt er í fjárlögum hverju sinni. Aðrar tekjur stofnunarinnar eru:

- a) Styrkir til einstakra rannsóknaverkefna.
- b) Greiðslur fyrir utanaðkomandi verkefni.
- c) Gjafir.

Fjárhagsáætlun stofnunarinnar skal borin undir deildarráð verkfræði- og raunvísindadeildar en heyrir endanlega undir rektor og háskólaritara skv. 3. og 4. mgr. 2. gr. laga nr. 84/1970 um Háskóla Íslands. Bókhald stofnunarinnar skal vera hluti af heildarbókhaldi háskólans.

Stjórn Verkfræðistofnunar skiptir fjárveitingu og öðrum tekjum sem stofnunin aflar á viðfangsefni.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 9. gr. laga nr. 84/1970, um Háskóla Íslands, sbr. 87. gr. reglugerðar nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands, og öðlast gildi 1. janúar 1978.

Menntamálaráðuneytið, 8. nóvember 1977.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Árni Gunnarsson.

10. nóvember 1977.

Nr. 405.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um fyrirtæki, sem starfa að loftflutningum, nr. 91
20. mars 1973, sbr. breytingu á þeirri reglugerð, nr. 49 20. febrúar 1975
og nr. 205 24. maí 1976.

1. gr.

5. gr. orðist þannig:

Leyfi til loftferðastarfsemi er veitt til ákveðins tíma og veitir leyfishafa heimild til að stunda þá loftferðastarfsemi, sem nánar er tiltekin í leyfisbréfinu.

2. gr.

Í reglugerðina bætist ný gr., er verði 6. gr., svohljóðandi:

Loftferðafyrirtæki, sem stundar reglubundið flug, óreglubundið flug eða þjónustuflyg, skal hafa framkvæmdastjóra flugdeildar, sem ber ábyrgð á flugrekstrinum í heild.

Framkvæmdastjórinn skal hafa sér til aðstoðar flugrekstrarstjóra og tæknistjóra. Flugrekstrarstjóri ber, ásamt framkvæmdastjóra, ábyrgð á flugrekstrinum (Operations) og tæknistjóri ber, ásamt framkvæmdastjóra, ábyrgð á tækniatriðum flugrekstrarins. Flugrekstrarstjórinn skal vera starfsmaður hjá loftferðafyrirtækinu. Tæknistjórinn þarf í vissum tilvikum ekki að vera persóna eða fyrirtæki, sem starfar hjá loftferðafyrirtækinu. Flugrekstrarstjóri og tæknistjóri skulu vera viðurkenndir af flugmálastjórn.

Ef starfsemi loftferðafyrirtækisins er lítil í sniðum getur flugmálastjórn samþykkt að framkvæmdastjóri sé jafnframt flugrekstrarstjóri og/eða tæknistjóri.

Framkvæmdastjóri flugdeildar skal bera ábyrgð á því að flugrekstrardeild og tæknideild sé gert kleift að sinna hlutverki sínu og skyldum.

Flugrekstrarstjóri ber ábyrgð á:

- a) stjórn og rekstri flugstarfseminnar, svo og skipulagi og umfangi flugdeildar,
- b) því að halda við og hafa tiltækar leiðbeiningar um stöðu, ábyrgð og tilhögun bæði í starfsemi á jörðu og á flugi er varðar starfslið flugrekstrardeildar,
- c) mati á hæfni flugstarfsliðs, viðurkenningu á hæfni þess til ráðningar og nauðsynlegri þjálfun þess,